

Grindavíkurbær  
Ingvar Þór Gunnlaugsson,  
forstöðumaður  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. nóv. 2010 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. nóvember 2010  
Tilvísun: UST20101100022/bs

### Vatnsskarðsnáma - breyting á aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020.

Vísað er til bréfs Grindavíkurbæjar dags. 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.


Í umhverfisskýrslu kemur fram að helstu neikvæð áhrif frekari efnistöku í Vatnsskarðsnámu felist í verulega neikvæðum áhrifum á landslag. Í umhverfisskýrslu er engin umfjöllun um frágang námunnar, en gert er ráð fyrir að slík umfjöllun verði í deiliskipulagi.

Umhverfisstofnun telur að ofangreind umfjöllun sé ekki í samræmi við lið g í 6. gr. laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana, en þar segir um þau atriði sem fram eiga að koma í umhverfisskýrslu: "upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar."

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um frágang námunnar eigi að liggja fyrir ef unnt á að vera að leggja mat á umhverfisáhrif umræddrar breytingar á aðalskipulagi. Stofnunin óskar því eftir upplýsingum um frágang námunnar, sem fyrirhugað er að sýna á deiliskipulagi s.s. landmótun og aðlögun að óröskuðu landi. Umhverfisstofnun vill ennfremur benda á að æskilegt er að skýrt komi fram hvort öll efnistaka og frágangur muni fara fram innan þess svæðis sem fyrirhugað er að afmarka á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri